

Helstu niðurstöður rannsóknar Zenter fyrir Miðstöð íslenskra bókmennta um bóklestur og bókmenntir

Samantekt


Dagana 31. október til 12. nóvember sl. framkvæmdi Zenter rannsóknir könnun fyrir Miðstöð íslenskra bókmennta á viðhorfi Íslendinga til þátta er varða bóklestur og bókmenntir.

Niðurstöður sýna að mikill meirihluti landsmanna, eða um 79%, telur það mikilvægt að íslenskar bókmenntir hafi aðgang að opinberum stuðningi.

Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar höfðu um 72% svarenda lesið eða hlustað á bók/bækur á síðastliðnum 30 dögum að hluta eða í heild. Þegar litið er til hvernig einstaklingar lesa og hlusta á bækur kemur í ljós að um 86% höfðu lesið hefðbundnar bækur á síðustu 12 mánuðum, 31% lesið rafbækur og 35% hlustað á hljóðbækur.

Spurt var um hvernig einstaklingar fá hugmyndir að lesefni og niðurstöður leiddu í ljós að um 56% svarenda fá hugmyndir að lesefni frá vinum og ættingjum, um 40% í umfjöllun í fjölmiðlum, 30% í umfjöllun á samfélagsmiðlum, um 26% í bókabúðum, um 25% í auglýsingum og um 20% á bókasöfnum.


Opinber stuðningur við bókmenntir



Mynd 1. Niðurstöður fyrir spurninguna „Hversu mikilvægt eða lítillvægt finnst þér að íslenskar bókmenntir hafi aðgang að opinberum stuðningi?“ Myndin sýnir hlutfall þeirra sem tóku afstöðu.

Um 79% svarenda telja það mikilvægt að íslenskar bókmenntir hafi aðgang að opinberum stuðningi. Konur töldu opinberan stuðning vera mikilvægari en karlar og einstaklingar á aldrinum 18 til 24 ára mikilvægara en allir aldurshópar fyrir utan 35 til 44 ára. Þegar niðurstöður eru skoðaðar eftir stöðu á vinnumarkaði kemur í ljós að atvinnurekendur og sjálfstætt starfandi töldu það lítilvægara en öðrum. Þar að auki töldu þeir sem hafa lokið grunnskólaprófi eða minni menntun það lítilvægara en öðrum menntunaráhópum. Að lokum töldu þeir sem eru með 800 þúsund krónur eða hærri einstaklingstekjur opinberan stuðning vera lítilvægari en þeir sem eru með einstaklingstekjur undir 600 þúsund krónur.


Bóklestur



Mynd 2. Niðurstöður fyrir spurninguna „Hversu margar bækur hefur þú lesið eða hlustað á síðastliðna 30 daga, að hluta eða í heild?“ Myndin sýnir hlutfall þeirra sem tóku afstöðu.

Um 72% svarenda höfðu lesið eða hlustað á bók/bækur á síðastliðnum 30 dögum að hluta eða í heild. Meðalfjöldi lesinna bóka var 2,7 bækur. Konur höfðu lesið fleiri bækur en karlar, konur að jafnaði þrjár og hálfu og karlar tvær. Ekki var marktækur munur á fjölda lesinna bóka eftir aldurshópum. Þeir sem höfðu grunnskólapróf eða minni menntun höfðu lesið færri bækur en aðrir og launþegar í fullu starfi færri bækur en þeir sem eru í námi. Þeir sem eru með 800 þúsund krónur eða hærri einstaklingstekjur höfðu lesið færri bækur en tekjuminni hópar.

Með hvaða hætti bækur eru lesnar



Mynd 3. Niðurstöður fyrir spurninguna „Hversu oft eða sjaldan hefur þú lesið/hlustað á bækur með eftirfarandi hætti á síðastliðnum 12 mánuðum? Hefðbundnar bækur (innbundnar og kiljur), hljóðbækur og rafbækur.“ Myndin sýnir hlutfall þeirra sem tóku afstöðu.


Þegar litið er til hvernig Íslendingar lesa og hlusta á bækur kemur í ljós að um 86% höfðu lesið hefðbundnar bækur á síðustu 12 mánuðum, um 31% lesið rafbækur og um 35% hlustað á hljóðbækur. Konur lásu/hlustuðu á fleiri bækur en karlar eftir öllum leiðum sem voru kannaðar.

65 ára og eldri lásu oftár hefðbundnar bækur en aðrir aldurshópar og þeir sem hafa lokið framhaldsnámi í háskóla oftár en aðrir.

44 ára og yngri hlustuðu oftár á hljóðbækur en þeir sem eldri eru. Þeir sem eru í námi hlustuðu oftár en launþegar í fullu starfi, atvinnurekendur/sjálfstætt starfandi og þeir sem eru á eftirlaunum.

34 ára og yngri lásu oftár rafbækur en þeir sem eldri eru og íbúar höfuðborgarsvæðisins oftár en þeir sem búa á landsbyggðinni. Þeir sem eru í námi lásu rafbækur oftár en aðrir og þeir sem eru með einstaklingstekjur lægri en 200 þúsund krónur oftár en tekjuhærri hópar.

Hugmyndir að lesefni



Mynd 4. Niðurstöður fyrir spurninguna „Hvar færð þú helst hugmyndir að lesefni?“ Myndin sýnir hlutfall þeirra sem tóku afstöðu. Hægt var að haka við allt að þremur valmöguleikum.

Þegar þátttakendur voru spurðir um hugmyndir að lesefni svöruðu um 56% að þeir fengju hugmyndir að lesefni frá vinum og ættlingjum, um 40% í umfjöllun í fjölmiðlum, 30% í umfjöllun á samfélagsmiðlum, um 26% í bókabúðum, um 25% í auglýsingum og um 20% á bókasöfnum.

Þegar niðurstöður spurningarinnar eru bornar saman við spurninguna um fjölda lesinna bóka kemur í ljós að þeir sem fá hugmyndir að lesefni í bókaklúbbum lesa að meðaltali um 4,6 bækur og þeir sem fá hugmyndir í netverslunum eða í Goodreads eða sambærilegum öppum um 4,1 bækur.